

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Frávik frá viðmiðunarverði

Dagsetning: 15. september 2016

Greiðsla sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum miðast almennt við viðmiðunarverð, samkvæmt lyfjaverðskrá. Þegar sjúklingur af brýnum læknisfræðilegum ástæðum, s.s. vegna alvarlegra aukaverkana/ófullnægjandi verkunar getur ekki notað það lyf sem greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast við, getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir ákveðið lyf. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast þá við smásöluverð viðkomandi lyfs.

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Meðferð með hagkvæmustu lyfjunum hafi reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir leiði til þess að stöðva þurfi notkun þeirra.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

*Sjúkratryggingar Íslands **ítreka mikilvægi** þess að tilkynna til Lyfjastofnunar um **alvarlegar aukaverkanir og tilvik þar sem verkunarleysi hefur haft alvarlegar afleiðingar**. Nánari upplýsingar um tilkynningar og vefeyðublað má finna á heimasíðu Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is (sjá „Aukaverkanir“).*

Gildistími:

3 ár